

ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Haraldi Jónssyni kr. 11.700.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda síns í málinu, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1955.

Nr. 64/1955. Ákærvaldið (Gunnar J. Möller)

gegn

John Robert Bore (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmar Hæstaréttar.

Brot gegn fiskveiðalöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðsksins og markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða samkvæmt þeim mælingum. Reyndist togarinn hafa verið um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.37, um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.52, um 0.9 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.55 og um 0.1—0.2 sm innan sömu marka kl. 11.05.

Skipstjórinn á varðskipinu og annar og þriðji stýrimaður á því bera það vætti, að þeir hafi kl. 11.02 séð einhverju lyft inn fyrir borðstokk togarans, og telja þeir, að það hafi verið poki og belgur vörpunnar. Fyrsti stýrimaður ber, að hann hafi séð einhverju lyft innbyrðis á togaranum, og telur hann víst, að það hafi verið net. Þessi framburður yfirmanna varðsksins bendir eindregið til þess, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna.

Ákærði, sem verið hafði að veiðum, kveðst hafa tekið að innbyrða vörpu sína kl. 11.30 eftir brezkum tíma, þ. e. kl. 10.30 eftir íslenzkum tíma, og hafi hann lokið því kl. 11.40. Annar vélstjóri á togaranum ber, að togað hafi verið til kl. 11.45, en þá hafi verið byrjað að draga inn vörpuna, og hafi það verk tekið 10 til 15 mínútur. Samkvæmt þessum fram-
burði ákærða og annars vélstjóra á togaranum hefur togarinn verið að veiðum á þeim tíma, er hann samkvæmt mælingum varðskipsins hlaut að vera innan fiskveiðimarkanna.

Að öllu athuguðu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi.

Með þessum athugasemdum og með tilvísun til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytzt frá uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, John Robert Bore, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 31. marz 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn John Robert Bore, skipstjóra á enska togaranum Churchill, GY 585, til heimilis í Grimsby, með ákæruskjali, útgefnu

af Dómsmálaráðuneytinu í dag, fyrir meint brot á fiskveiðalöggjöf-
inni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, samanber 1. gr. laga nr.
82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum tog-
ara fyrir hádegi þriðjudaginn 29. marz 1955 út af Ingólfshöfða
innan markalínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952,
sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Af hálfu ákærvaldsins eru
þær kröfur gerðar, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt
3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, afli og veiðarfæri togarans
Churchills, GY 585, verði gerður upptækur og ákærði dæmdur til
greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, John Robert Bore, er fæddur 17. febrúar 1900 í Grimsby
og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi refsingum hér á
landi:

Í Reykjavík.

1931 14/3 Dómur. 1000 kr. sekt fyrir brot á landhelgislögum. Með
dómi Hæstaréttar 11. nóvember 1931 var sektin lækkuð
niður í 700 kr.

1932 6/9 Sátt. 500 kr. sekt fyrir að draga áfengi undan innsigln.

1941 18/11 Dómur. 500 kr. sekt fyrir brot á 1. sbr. 5. gr. reglugerðar
nr. 167/1940.

Í Barðastrandasýslu.

1931 22/11 Dómur. 500 kr. sekt fyrir ólöglegan útbúnað veiðarfæra.

1950 20/6 Dómur. 3000 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 5/1920.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 29. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð vestur
með landi, innan Tvískerja. Sást þá togarí, er varðskipsmenn töldu
grunsamlega nærri landi.

Kl. 10.37 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti	> 25° 46'
Salthöfði $\triangle$	> 96° 17'
Rákartindur $\triangle$	

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavita og togarans 25° 46'.
Fjarlægðin til togarans mældist um leið 8.3 sjómílar, sem gefur 0.8
sjómílar fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 10.52 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti	> 42° 47'
Salthöfði $\triangle$	> 85° 10'
Rákartindur $\triangle$	

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfða og togarans 32° 15'.
Fjarlægðin til togarans mældist um leið 6.3 sjómílar.

Kl. 10.55 er gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Lómagnúpur (kantur) $\neq$ Salthöfða	
Ingólfshöfðaviti	> 47° 38'

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavitans og togarans
36° 21'. Fjarlægðin til togarans mældist um leið 5.6 sjómílar. Þá
sást togarinn halda út frá landi í suðlæga átt.

Kl. 11.02 sást togarinn taka eitthvað inn á stjórnbörðshlið, og töldu varðskipsmenn það pokann og belginn á vörpunni. Var þá sett upp stöðvunarmerki.

Kl. 11.05 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti	> 55° 32'
Salthöfði $\triangle$	> 50° 07'
Rákartindur $\triangle$	

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavita og togarans 61° 25'. Fjarlægðin til togarans mældist um 3.6 sjómílar.

Kl. 11.11 skotið lausu skoti, en togarinn sinnti því ekki.

Kl. 11.26 var Þór við hlið togarans GY 585, Churchill, er var með stjórnbörðsvörpu í sjó, var þá kallað til hans að stanza og vinda inn vörpu sína, en hann sinnti því ekki og hélt áfram út frá landi. Kl. 11.24, þegar Þór kom að togaranum, var togarinn að taka togvírana í blökkina að aftan, því að hann var að enda við að slaka úr vírunum.

Kl. 11.38 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína, samtímis var bátur settur út og skipstjórinn sóttur. Þegar varðskipsmenn komu um borð í togarann, var lifandi fiskur á þilfari, þorskur og ýsa úr fyrri togi. Þá miðaðist Ingólfshöfði r/v 314°, fjarlægð 5.5 sjómílar.

Skipstjóra togarans var bent á, að hann hefði gert sig sekan um fiskveiðar innan fiskveiðitakmarkanna, en hann neitaði algerlega þeirri ásökun. Nokkru síðar, eða kl. 13.11, héldu svo bæði skipin áleiðis til Vestmannaeyja og komu þangað kl. 00.28 hinn 30. þ. m.

Veður var V—5, sjór V—2, skýjað, en gott skyggni.

Ofanrituð frásögn er í samræmi við skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, sem skipherrann, fyrsti, annar og þriðji stýrimaður varðskipisins hafa staðfest fyrir réttinum. Kváðu þeir, að allar hornamælingar, sem varðskipið lét framkvæma þetta sinn, væru gerðar með tveimur sextöntum samtímis. Fyrsta mælingin var gerð af skipherranum og fyrsta stýrimanni, en síðari mælingarnar voru aðallega gerðar af öðrum og þriðja stýrimanni, en undir umsjá skipherra og fyrsta stýrimanns. Fjarlægðarmælingarnar voru gerðar með tveimur ratsjám, er bar saman, og lásu skipherra og fyrsti stýrimaður af þeim. Ratsjátækin voru sett í skipið fyrir um mánuði, og var önnur ratsjain Kelvin-Hughes tegund, en hin var Decca-ratsjá.

Ákærði hefur fyrir réttinum algerlega neitað að hafa verið að fiskveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn. Skýrir hann svo frá, að kl. 09.30 e. h., að enskum tíma, hafi hann byrjað að toga, er hann var staddur í 7 mílna fjarlægð SSA frá Ingólfshöfða, og togaði hann í NNV, þangað til hann var í 4¾ mílna fjarlægð frá Ingólfshöfða. Þá kveðst hann hafa breytt um stefnu og togað í A til N milli tveggja belgískra togara, er voru í hér um bil tveggja skipslengda fjarlægð, sitt hvoru megin við hann. Kl. 10.15 kveðst hann hafa snúið þannig, að skip hans snéri í VNV, og þegar Ing-

ólshöfði var NVaN og í fjöggra og hálfs mílna fjarlægð frá skipinu, þá hafi hann byrjað að taka upp vörpuna. Var kl. þá 11.30 e. h. Var hann svo 10 mínútur að taka upp alla vörpuna, og var því lokið kl. 11.40. Síðan lá hann kyrr, þangað til kl. var 12.25 e. h., enda hafði varpan rifnað lítið eitt. Var þá töluverður vindur, og skipið 4% mílu undan Ingólfshöfða. Byrjaði hann þá að toga aftur og togaði í SSA til S. Kveðst hann þá hafa fengið vitneskju um, að varðskip var að nálgast og kom það von bráðar til hans, og hafi skip sitt þá verið statt í 5.2 sjómílna fjarlægð frá Ingólfshöfða, sem var í NNV.

Hann kvað allar mælingar sínar gerðar með ratsjá skipsins, sem sé Decca-ratsjá 45, og einnig hafi hann notað áttavita skipsins.

Eins og fyrr segir, hafa stýrimenn varðskipsins gefið réttarskýrslu í málinu. Fyrsti stýrimaður kveðst hafa séð með berum augum, þegar kl. var 11.02, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, og þegar hann horfði á hann í kík, kvaðst hann hafa talið sig vissan um, að togarinn var að draga upp net. Annar stýrimaður kveðst einnig hafa séð á sama tíma, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, sem hann áleit vera poka og belg vörpunnar. Kvaðst hann hafa séð þetta í kík. Þriðji stýrimaður kvaðst einnig hafa séð á sama tíma í kík, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, sem hann taldi vera poka og belg vörpunnar.

Auk þess báru tveir aðrir skipsmenn varðskipsins vitnisburð í málinu. Bátismaðurinn kvaðst hafa farið um borð í togarann og séð lifandi fisk á þilfari togarans, aðallega þorsk og ýsu, og veitti hann því sérstaka athygli, að fiskurinn spriklaði. Hásetinn Pétur Stefánsson kveðst hafa verið á brúnni á varðskipinu, þegar það sigldi að togaranum, og kveðst hafa séð með berum augum, að pokinn hékk uppi. Einnig kveðst hann hafa séð þetta í sjónauka. Hann kveðst hafa farið um borð í togarann og séð á þilfari aðallega þorsk og ýsu og hafa veitt því athygli, að fiskurinn var lifandi og spriklaði.

Vitnisburði þessa hafa þeir staðfest með eiði, og einnig staðfestu stýrimenn varðskipsins skýrslur sínar með eiði.

Báðir vélstjórar togarans voru leiddir sem vitni. Fyrsti vélstjóri kveðst ekki hafa verið á verði um morguninn og gat ekkert um það borið, hvort eða hvernig var togað um morguninn. Annar vélstjóri togarans kvaðst hafa verið á verði frá kl. 7½ eftir enskum tíma til kl. 12½. Sagði hann, að byrjað hefði verið að toga kl. 09.45 um morguninn og togað, þar til klukkan var 11.45. Var þá byrjað að draga inn vörpuna, og gerði hann ráð fyrir, að það hefði tekið um 10—15 mínútur. Síðan var búzt til að kasta vörpunni aftur, og var kastað um það bil, sem hann fór af verði, eða um kl. 12.20 eftir enskum tíma.

Ef athugaðar eru staðarmælingar ákærða, kemur í ljós, að þær sýna, að togarinn hefur verið nokkuð nær landi en ákærði telur sjálfur. Í réttinum, að ákærða viðstöddum, var staður togarans færður út á sjókort samkvæmt mælingum ákærða kl. 11.30 eftir

enskum tíma, og reyndist staðurinn vera á fiskveiðitakmörkunum, ef miðað er við yztu mörk Ingólfshöfða, en innan, ef miðað er við vitann, en sjálfur taldi ákærði sig þá vera vel utan við fiskveiðitakmörkin. Tímaákvörðunum ákærða ber ekki saman við upplýsingar annars vélstjóra togarans, en athyglisvert er, að samkvæmt tímaákvörðunum vélstjórans hefur togarinn einmitt verið að ljúka við að draga inn vörpuna, er skipsmenn varðskipsins töldu sig sjá, að verið var að draga inn poka og vörpu togarans. Ekkert hefur komið fram, er gefi ástæðu til að ætla, að varhugavert sé að treysta mælingum varðskipsins, sem framkvæmdar voru af æfðum mönnum og með öruggum tækjum. Verður að telja sannað með eiðfestum framburðum stýrimanna varðskipsins, að skipið hafi verið statt á þeim stöðum og á þeim tíma, sem í skýrslu varðskipsins segir, en samkvæmt skýrslu vélstjóra togarans var ákærði að toga á þeim tíma, og er það einnig stutt með framburðum skipsmanna varðskipsins. Einnig kemur fram í skýrslu ákærða, að hann telur, að ekki hafi verið búið að draga inn vörpuna á þeim tíma, er varðskipið framkvæmdi fyrstu staðarákvörðun sína. Samkvæmt þessu má telja upplýst, að ákærði hafi verið að togveiðum undan Ingólfshöfða 0.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna að morgni þess 29. þ. m. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og unnið til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951.

Togarin Churchill, GY 585, er að stærð 612.75 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum. Með tilliti til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er ákærði skal greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri um borð í togaranum Churchill skal upptækur ger, og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, John Robert Bore, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og sæti ella varðhaldi í 7 mánuði.

Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Churchill, GY 585, skal gerður upptækur, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.